Sveitarblaðið

Fjallfari

---

Kemur út annanhvern Laugardag, ekki minna en sex póstpappírsarkir í hvert skipti.

Sveitarblað

Uppsögn skrifl. bundin við sumarmál. Ógild nema komin sé til ritnefndar fyrir 25. Apríl næstkomandi.

# Fjallfari

3. Árg. | 1. Hefti | 2. Blað | № 2

Veðramót. Laugard. 6. Des. 1902

## Ritnefnd:

Björn Jónsson    Jón Björnsson

Björg Björnsdóttir

# Bækur og bókvit

Margt er það, sem þarf að endurbæta, og margt er það sem þarf við að gjöra og fullkomna, og óendanlega margt, er þarf að athuga að meira eða minna leyti. – Enda er það margt og mikið, sem mönnum hefir að hugsa um að hrinda áleiðis; sér og eptirkomandi kynslóð til framfara. – Þrátt fyrir þetta virðast vera og eru í raun réttri ótal margir sem lítið hugsa í framfaraáttina, sér og öðrum til uppbyggingar.

Það eru til dæmis ótölulegur grúi, sem útkemur á ári hverju af bókum, blöðum, og tímaritum sem full eru nálega af allskonar fróðleik, skemmtunum og leiðbeiningum, viðvörunum og uppfinningum

þessi rit, blöð og bækur, eru lestrar hvaðanæfa, og ganga sem manna frá manni eins og sagt er um gráu kettina. Svo þegar menn eru nú mettir á öllum þessum sælgætis fróðleik, þá er hann lagður til síðu, af sumum til þess að drekka nýjan fróðleik, er að höndum hefir borið, af öðrum fyrir annríki, og enn þá nokkrum sökum áhuga-leysis og viljaleysis

Þegar búið er að lesa þetta allt, þá skulum vér gjöra ráð fyrir að allt sé komið á sínar réttu stöðvar. Bækurnar á hillurnar, þar sem skúmið vefur sína margbreyttu töfra vefi utanum þær svo þær verða hjúpaðar í voðfeldum gráum hulstri.

Fróðleikurinn, uppfinninganna og leiðbeininganna, eru komnar í höfuð lesendanna, þar sem þær



geymast hjá einstaka manni sem fjársjóður, er ber blessunarríka ávexti, fyrir þá og eftirkomandi kynslóð. Hjá öðrum sem óljós draumur, er aldrei verður ráðinn, og aldrei kemur fram nema sem ráð-gáta, og ef til vill hjá sumum, sem marklaus þula er enga þýðingu hefir.

Svona virtist nú bókvitið mannanna vera varið að mestu leyti. Það er lesið um mikið og margt, en til hvers er að lesa um margt og vita ósköpin öll, ef enginn verður sýnilegur ávöxtur af bóklestrinum, og allt situr í sama horfinu, og ekkert þokast áfram til fullkomnunar og velmegunar?
Það lítur svo út, sem þá væri betra að lesa minna, og vita minna. En góður matur betur að þá sé matur að þessu er allt öðruvísi háttað.
Það er gamalt máltæki að „bókvitið sé ekki látið í askana", en skyldi það nú

hafa eins mikið gildi eins og það
er gamalt? Þessu svarast neitandi,
og er undarlegt, að ekki skuli fyrir
löngu vera búið að sýna því við og
segja: „Bókvitið má láta í askana“.
Hvernig sannast þetta? Það þarf ekki
að fara langt til að sanna það. Lítum
á sýslumennina, prestana, kennarana,
og yfir höfuð alla embættismenn, þess-
þjóðanna og sjálfbyggðra lands. Á hverju
lifir allur ~~allur~~ sá fjöldi nema ein-
mitt á bókvitinu? Bækurnar eru sá
bezti kennari sem hægt er að fá. Ef þú
eignast góða bók sem fræðir þig um
marga hluti, er við kemur þínum verksviði
þá hefir þú eignast góðan og tryggan leið-
toga, er fylgir þér í gegnum allt lífið
leiðbeinandi og styðjandi. — Það er ein-
og áður er áminnst eigi allt undir því
komið að lesa mikið og um margbreytt
efni, því ekki er að búast við að nokkur
geti gefið sig við öllu; það er því einungis
sem mest ríður á að reyna að útvega sér þær



bækur, sem starfsvið sérhvers stefnir að,
og reyna af öllum kröftum að færa
sér þær réttilega í nyt, því til hvers mundi
t.d. fyrir bóndann að lesa stjörnufræði, og fyrir
timburmanninum steinafræði því þessi efni
koma þeirra störfum ekkert við.
Það er þá einkum bóndinn sem þarf að
eiga og lesa þær bækur er leiðbeina honum með
hans afarvíðtæka og vandasama starfsvið.
Það mun vart — þó ótrúlegt megi
virðast, þegar litið er til þess hve margir
takast starfa þenna á hendur — nokkur
staða, sem er eins margbrotin og eins
miklum erfiðleikum undirorpin eins og
einmitt bóndastaðan, og það sem mest er
um vert — engin staða sem getur tekið
jafnmiklum og margbrotnum um-
bótum. — Því verður ekki í fám
orðum lýst, að hve miklu leyti bónda-
staðan eða búnaðurinn, getur tekið fram-
förum. Þótt vér greinum í sundur starf-
svið hans og athugum hverja grein útaf fyrir
sig, þá verður útilokað að öllum, og margt og mikið

að sumu sem úrbóta þarf við.
eiga þá bækurnar að bæta úr þessum vand-
ræðum og vandkvæðum bóndans, og er
það bækurnar sem eiga að bæta atvinnu-
greinarnar t. d. kvikfjárræktina, tún- og eng-
ræktina, húsabæturnar, og yfir höfuð allt sem
bæta þarf. — Já að nokkru leyti
eiga þær að gjöra það, þær eiga að vera
öflug stoð, sem samfara framsýni og dugnaði
styðji manni í hvaða stöðu sem hann er.
Sem heimiliskennari, er sýnir reynslu
fortíðarinnar, framkvæmdir og uppfinn-
ingar nútímans, og þarfir og kröfur æsku-
lýðsins fyrir ókomna tímann. Í fám
orðum sagt: þær eiga að vekja og glæða hjá
hverjum manni löngun til að lifa þann
að hann sé fær um að gegna þeirri stöðu, er
hann er kallaður til, hver helzt sem hún
er, og hvort sem hann er hátt eða lágt
settur í mannfélaginu. — Það er því ómiss-
andi að afla sér þeirrar þekkingar og lærdóms
sem auðið er, hvort heldur af bókum eða
kunnáttu annara manna, því sá er



mest metinn er ryður sér braut með
þekkingu, framkvæmd og dugnaði.
Sértu til dæmis vinnumaður þá áttu
að reyna að komast yfir þær bækur, sem
kenna og leiðbeina þér við störf þín og
vertu viss um að þú færð það ómak
uppborið. Þær vekja hjá þér löngun
eftir sjálfstæði, þær greiða götu þína
að því leyti, að þú ert viss um að geta
gjört verkið á réttan hátt og vel, og það
sem mest er um vert, þú ert elskaður
og virtur af yfirboðara þínum. Hann
vill fyrir engan mun missa þig
úr þjónustu sinni nær þú að segja
hvað mikið gjald er þú kannt að setja
á vinnu þína.

Þannig er þá bókvitið komið í
askinn þinn góði matur.

Karlinn á Klöppinni

# Til Fjallfara

Vertu Fjallfari
velkominn hingað
ókunnar
útlá brautir,
leið skal þér nesti
og leið vísuð
skemmtilum gestur
og gæfulegur.

Menn skyldu allir
mót þér taka
sem vini sínum
vegfarandi.
Verði þér för
til frama og heilla
um rauðhálar brautir
Reykjastrandar

Sigurj. Jónasson



# Haustvísur

1. Sumars braut nú blíðan er
byrjast þrautin hlýtur
jarðarskrautið falla fer
fjöllin skauta hvítu.
2. Fölnar hár um foldarrann
fjóla og smári mætur
falla nár, öll náttúran
nú frost-tárum grætur
3. Rís nú háa hafaldan
hristist sjávarbakki
ströndum á nær ólmast vann
í kringráum stakki
4. Þó veður hölum hlaði snjá
hafs frá ál til dala
mætum stálameitum hjá
má ei sálin kala.

Sigurj. Jónasson

# Gömul skuld

Það var hið fegursta útsýni, að
sjá yfir hafið og höfnina, alþakta
skipum ýmsra þjóða, þar gat að
líta, dönsk, írsk, frönsk og íslenzk
skip, öll á fleygiferð fram og aftur
um sjóinn.

Veður var blítt og yndislegt og
sólin skreytti bæði skipin og vot-
irnar, og hinar margvíslegu þjóðaveif-
brutu geisla hennar og beygðu á ým-
an hátt, er sýndi enn fágætara þessa
fjölbreytta litaskraut.

Ég var þá sjómaður, er þessi
saga gjörðist, og var ásamt nokkrum
af félögum mínum að skemmta
mér í landi. — Mér þótti mjög gam-
an að virða fyrir mér fegurð náttúrunn-
ar. Einkanlega staðnæmdist augna-
mín á fólkinu, sem þusti að úr



öllum áttum að veitingahúsi nokkru.
Þar sá ég mörg andlit, bæði fríð og
fjörleg. Ungir og lífsglaðir hermenn
fóru nú að drekka og svalla í landi
ásamt öðrum sjómönnum, í þessu
gjálífi og glaumi lífsins.

Mér varð nú reikað fram og aftur
þar til ég hitti dálítinn hóp manna,
sem auðsjáanlega var af hinu fátæk-
ara fólki, því það lýsti sér glöggt í öllu
látbragði þess og fatnaði. Sérstaklega
varð mér starsýnt á eina gamla konu.
Andlit hennar var orðið hrukkótt af
elli og hinar erfiðislegu hendur henn-
ar grannar og magrar. Hún var hnuggin
og döpur í bragði, og hefir ef til vill verið
að líta yfir sína förnu æfibraut, á
meðan hún staulaðist áfram á eftir
hópinum að miklu og skrautlegri sölu-
búð. — Mér var einu og litið um
öxl og sá hvar tveir skipstjórar báðir
klæddir sínum skrautlega einkennis-

beiningi hann hina sömu leið.
Annar þeirra var lár og gildur, með
ístru og vagandi í gangi, en hinn
var hár og grannur og hinn liðlegasti
í öllum hreyfingunum, en á útliti
hans mátti þó sjá að hann var orðinn
nokkuð roskinn. Andlit hans var al-
varlegt, og augun hrafnsvört og tindrandi.
Gömlu konunni varð og litið
á þessa vel búnu menn, sem nú
nálguðust hana, og brá henni nokkuð
undarlega við er hún þekkti hinn
tígulega og alvarlega mann. Einkennileg
geðshræring lýsti sér í svip hans er
hann sá hana, og mörgum til undr-
unar tók hann mjúklega í hönd
hinnar ellihrumu konu, og leiddi
hana í gegnum mannþröngina og
inn í sölubúðina. – Það var eins
og gömlu konunni væri ekki hægt
að líta upp. Hún hefir víst fundið
til þess hve hún þótti auðvirðileg þar



sem hún gekk með þessum manni
og fólk starði á þau undrandi og
hissa. – Hann leiddi hana nú
inn fyrir borðið, og fyrirvarð sig ekki
fyrir að láta menn sjá sig með þessari
lítilsvirtu gömlu konu, og sýna henni
örlæti sitt. Hann lét hana taka
út allt það sem hún vildi og þurfti,
borgaði síðan reikning verzlunarþjóns-
ins, og að endingu lagði hann
peninga í lófann á henni um leið og
hann studdi hana út í gegnum
mannþröngina, og um leið og þau
kvöddust sást þakklætistárin renna
ofan hinar fölu kinnar hennar.
Það voru mörg ár liðin síðan
þessi sami skipstjóri var í lífsháska
staddur, en hann var þá ungur og
fjörugur „Matros" á skipi því er í ofsa-
freitandi stormi, blindhríð og brimi
strandaði í stórgrýtisfjöru á óþekktum
stað. Að eins komust allir skipverjar

lifandi í land, en fyrir frábæran dugn-
og aðhjúkrun hinna fátæku hjóna a
þá bjuggu í koti þar skammt frá, sem
aumingja skipbrotsmennirnir náðu
til í sinni miklu neyð, þá fengu þeir
lífi haldið. Hann mundi nú glögg-
ar eftir því öllu, og hversu þessi sama
kona var fjörug, kát og umhyggjusöm
við hina hröktu sjómenn. Nú voru
kjör þeirra orðin ólík. Hann orðinn
skipstjóri, en hún búin að missa man-
inn sinn í sjóinn, og bláfátæk að
stríða fyrir hinu madda lífi sínu.
Skortur og neyð voru búin að strika
yfir fjörið og gleðina á þessu gamla
andliti.

N. N.

---

## Köfun og kafarar

Þótt þessi atvinnugrein sé ekki st-
unduð við strendur lands vors, og



litlar líkindi til að nokkurn tíma
verði, ef tillit er tekið til þess, að hvata
niðurstöðu jarðfræðinganna hafa komist
um myndun og efna samsetning lands-
ins, þá skyldum vér þó alls ekki taka
alveg fyrir það, og allra síst þeir af oss
sem þykjast fremur fylla þann flokk
manna, sem gjörir sér háar vonir um
glæsilega framtíð lands og þjóðar í at-
vinnuvegum sem öðru. En hvað sem
því annars líður þá er alls ekki ófróð-
legt að gefa þessu máli stutta athygli
og því fremur, sem mjög lítið hefir verið
um það ritað á íslenzku.

Sé glasi hvolft svo að botninn
snúi upp, og því þannig stungið ofan í
vatn, kemst vatnið ekki nærri uppí
botninn á glasinu, heldur verður
alltaf autt (loftfyllt) rúm í efri hluta
þess, sem svarar 3/4 hlutum af rúmmálinu.
Kemur þetta af því loftið í glasinu
hefir þjappast nokkuð saman uppá við
en kemst þó hvergi út, og veitir því vatninu mótspyrnu

Á þessu lögmáli byggist <u>Köfunarhjálm</u>
Hann er afar stór málmklukka mörg
fet að hæð og ummáli, og að lögun ekki
ólíkt er uppvittu glasi á hvolfi. Honum
er hvolft á sjóinn og sökkt til botns.
Kafarinn fer inn í hjálminn og hefir
þar nóg andrúmslopt allanga stund;
þegar það svo er þrotið er hann dreg-
inn upp aptur.- Þótt verkfæri þetta sé velbrúkl-
egt nota þó kafarar allt eins mikið eða jafn-
vel meir annað köfunarfæri.- Það eru
vatnsheld og lopt-held föt, og við þau fest
lopt-þétt hylki er lykur utanum höfuð
kafarans. Út úr því ganga 2 pípur og alla leið
upp úr sjónum. Á annari er ofurlítil loka
er opnast <u>uppá við</u>, við hinn minnsta lopt-
strauminn; um hana andar kafarinn frá sér.
Á hinni er aptur á móti engin loka, og um hana
dregur hann andann. Pípurnar notast og
sem hljóðberi til þeirra sem eru uppi á
yfirborðinu. Á hylkinu eru og 2 sterkar
glerrúður, þó ekki allstórar. Í gegnum
þær getur hann notið birtu þeirra sem er á



marar botni. Í djúpum höfum er að sönnu
rökkur, og á miklu dýpi jafnvel niðamyrk-
ur við botninn, jafnvel um hádag, en naum-
ast mun kafað á meir en 30-40 faðma
dýpi í mesta lagi, því vatnsþrýstingin
ofaná kafaranum og umhverfis hann
eykst því meir sem neðar dregur, og að
lokum mundi það kremja hann í sundur.

Búningur kafaranna er afar-
þungur, einkum málmhylkið utanum
höfuðið, og við fætur þeirra er fest blýlóð
til þess að líkaminn viti alltaf beint
upp og niður.

Kafarar geta stundum gjört mikið
gagn. Þeir geta t.d. fundið leka á skipum sem
ekki er hægt að finna á annan hátt, nema
draga þau á land.- Hafi skip sokkið í grunn-
um sjó hafa þeir opt náð úr þeim helzta
dýrmæti farmsins. Stundum hafa þeir og
getað fest bönd og keðjur á sokkin skip
og þau þannig hafin úr sjó á ný.

Sökkvi skip á grunni og fjölfarinni leið
hafa þeir og stundum lagt sprengivélar
undir skipsskrokkinn, sé ekki hægt að koma því

borið á annan hátt. Gengur svo málmþráð-
ur vafinn gúttaperka úr sprengivjelinni
upp til yfirborðsins. ~~Þerkan~~ rafmagni e-
r nú hleypt að þræðinum, kveikir það í
vjelinni, og skipsskrokkurinn flýgur í
loft upp með miklum gný.

Í sundinu milli eyjarinnar Ceylon
og Indlands er veitt ógrynni af perlu-
skeljum árlega og eingöngu af köfurum.
En þeir hafa hvorki loftþjett föt eða köf-
unarhjálm, heldur eru þeir svo lengi
niðri í sjónum, sem þeir geta haldið niðri
í sjer andanum, sem er í mesta lagi 1 mínúta.
Er þeim hleypt niður í streng með körfu
í annari hendinni og allsberum, sópa svo
í mesta flýti upp í körfuna því sem fyrst verður fyrir
þeim á botninum, kippa í strenginn og gefa
þarmeð merki að draga upp. En þetta er
bæði illvinna og hættuleg, því sjeu þeir ekki
dregnir óðara upp er þeim hætta búinn af
drukknun og komið hefir fyrir að eigingjarnir
húsbændur hafa þvingað þá svo að blóð hefir
gengið af vitum þeirra vegna áreynslu.

L.



# Sjódauði maðurinn

Illviðrinu hafði slotað en samt naddi
norðanvindurinn svalur og saðandi.

Hafið var ölgufullt og bárur og brim
drundu allt í kringum hina lágu og
smáu ey. — Sjóndeildarhringurinn
var mikill og fagur en þó nokkuð al-
varlegt yfir að sjá. — Himininn var
heiður og bjartur, og snjóvgað hafði á fjöllin.
Haustið var komið, og allt svo svalt,
dapurt og dreymandi, þrátt fyrir hina
blíðu sól er í sumrinu var farin að
skína svo skært. — Tveir ungir smá-
vaxnir og istöðulitlir drengir höfðu
fundið sjódauðan mann rekinn og
mátti eftir stutta stund sjá talsverðan
hóp manna samankominn til að
sjá hinn dauða þar sem hann lá í
stórgrýtisfjörunni. — Loks var hinn
dáni maður tekinn, borinn heim til bæjar-
ins og lagður niður á ofurlitlum grasbletti
út við gamla kirkjugarðinn, og lá þar

um stund, á meðan bæði karlar og kon-
konur til að sjá hinn afskræmda likam
sem ortinn var svo umbreyttur í
augum þeirra. —— Nokkrar vik
voru nú liðnar frá því að hjáris ung-
greindir, og efnilegir bræður, gengu all
frá sama bænum heilbrigðir og kátir
til sjávar í fiskiróður. — Þennan eina
dag reru þeir allir á sama bátnum
Veður var allgott, og áttu menn
því ekki von á neinni hættu, eða slys
En seint um kveldið kom annar
bátur til lands af hinum sömu mið
er bátur þeirra var oplastur á, en hafði
ekkert til þeirra séð, og gat ekkert af þeim
sagt. — Þetta vakti strax ískyggil
grun um að slys hefði að höndum
borið. — Margir hraustir karlmenn
klifu þegar á stóran bát, og reru
hvað af tók fram á þessar sömu
stöðvar; en þar sást engin vegsum
merkis að neinu leyti, en með hinni
örjúfandi þögn og ró syndi hið hyldjúpa



haf að því hafði ekki þótt mikið fyrir
að taka til sín í einu fjóra bræður af
sama fari. —— Atburður þessi
kom öllum mjög óvart, og hrelling og kvíði
hreyfði sér í brjóstum hinna fátæku fiski-
manna, er áttu fyrir hendi að róa um lengri
eða skemmri tíma um þessar draugal. stöðvar
Opt og einatt var gengið og leitað, hvort
ekki fyndist neitt rekið. Nánustu vinir og
vandamenn þráðu nú það að mega sjá líðin
lík, og veita þeim heiðarlega og kristil. greptrun
Eins og áður er getið var sjódauður maður
nú borinn neðan úr fjörunni, og lagður á ofur-
lítinn grasblett fram undan þeim bæ, er
áður hafði verið heimili hans, en nú gat
ekki framar að líta áskuvofinn æfinsmann
heldur einungis viðbjóðslegan líkama,
hina sönnustu ímynd um hryllilega með-
ferð á herfangi dauðans, er beið nú hinna
síðustu skila er átti að gjöra því.
Hversu djúp var nú hryggð hinnar
sorgmæddu móður er leit þar lík yngsta
sonar síns, og þegar hún renndi huganum yfir

litum ofan á þá ýftist upp ógróið sár.
Hún hafði áður misst elskul. vin, eig-
manninn sinn á þennan sama hátt
og fann þá huggun í því einu að eiga á lífi
4 efnil. syni. — Skilnaðurinn var sár og sökn-
uðurinn bitur þarsem hún nú hafði misst
þá alla, og vissi 3 af þeim enn vera að
veltast sem sundurtætt lík á hinum
óslétta marar botni. Einum höfðu
sjávarins freyðandi bylgjur aptur skilað á
en svipt hina margreyndu konu hinni
síðustu endurminningu um sinn ástkæra
eiginmann, því andlit hins unga manns
var ekki lengur svipur föðursins. Hin
augu og bjartu lokkar sáust ekki fram[?]
Augnatótturnar tómar og andlitið kroppað
af ormum sjávarins

Þessi gamla móðir og eiginkona
studdist uppvið kirkjugarðinn sem hér[?] á undan[?]
var áður öllu fjarri um að veita henni þann styrk
og huggun er hún þarfnaðist. Hún gat ekki
lengur horft á lík sonar síns, en grét sárt, og með
þungum ekka barðist hið hamingjusnauða hj-
arta hennar í síðasta skipti í þeim sorgmædda [illegible]
hennar.

N. N.



# Smávegis

1. Landafræðisgátur: Finnið: 1. land í Vest-
mannaeyjum. 2. verslunarstað á Suðurlandi.
3. Eldfjall nálægt Mývatni. 4. á á Austur-
landi. 5. fjörð á Norðurlandi.
Séu fyrstu stafirnir allra þessara nafna
settir saman í þessari sömu röð verða
úr því nafn á merkasta fjallinu á Íslandi.
2. Hvernig ferðu að skipta tölunni sex í
tvo jafnstóra parta svo helmingurinn
verði fjórir.
3. Hversvegna rignir aldrei í tvo daga í einu
4. Drag töluna tuttugu og tvo, frá tölunni tuttugu
og lát áttatíu og átta ganga af
5. Tveir menn mættust á förnum vegi.
Annar mælti: Ég hefi 2 kúta fulla af brenni-
víni. Annar tekur 5 potta en hinn 3 pt.
Því hefir 1 átta potta kút tóman. Ef þú getur
helt þannig á milli í kútunum að réttur
helmingur (4 potta) verði í þeim sem tekur[?]
þá skaltu fá það. Hvernig fór hann að því?
6. Maður nokkur skipti einum ferhyrningi
í 5 jafnstóra hringlaga parta og lét ekkert ganga
af. Á hvern hátt gat hann[?] það?

Ráðning á eldspítnagátunni hefir oss borist rétt frá 2um mönnum. (Einari á St. og Sigurjóni í Hólakoti) Svarið: ELLEFU.

# Skrítlur.

A. Það er komið illa fyrir honum Jóni í Haga. Hann er að þrotum kominn með heyleysið, og svo á hann ekkert skýli yfir hrossin sín.

B. Það voru nú fleiri en hann sem ekki gátu byggt hesthús fyrir vanefnaðskorti.

Presturinn: „Hvað heitið þér gamli maður?

Karlinn: „Vér heitum Þorvaldur.“

Tveir drykkjufélagar gengu í tunglsljósi eftir hátta tíma, allá fullir út af veitinga húsinu. Öðrum varð litið á tunglið (er var fylling) og mælti: „Er það sólin eða tunglið sem er þarna?“ „Það veit ég ekki“ mælti hinn „ég er ókunnugur hérna“!

Dómarinn: Þér eruð ákærður fyrir að hafa fengið fengið kerru að láni; skilað henni brotinni, og neitað að borga skaðabætur. Hverju svarið þér til þessa?

Ákærði: Því fyrst, að ég hefi enga kerru fengið lánaða, í öðru lagi, að hún var brotin er ég fékk hana, og í þriðja lagi, að hún var heil er ég skilaði henni aftur.

6